

216
27. nóv.

5. Bessastaðavegur: af sýsluvegi hjá Söndum að Bessastöðum.
6. Búrfellsvegur: af þjóðvegi fyrir ofan Staðarbakka um Skarfhól að Búrfelli.
7. Austurárdalsvegur: af sýsluvegi við Hnausakot að Bjargarstöðum.
8. Óspaksstaðavegur: af þjóðvegi austan Hrutafjarðarar að Óspaksstöðum.
9. Síkárvegur: af þjóðvegi hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossi.

Til nýbygginga og viðhalds sýsluvega í II. flokki veitist allt að hálf framlag úr sýsluvegasjóði móti framlagi frá einstaklingum eða sveitarfélögum. Þó má framlag til II. flokks sýsluvega aldrei nema meiru en 10% af heildartekjum sýsluvegasjóðs.

7. gr. orðist svo:

Sýslunefndin hefur á hendi alla stjórn sýsluvegasjóðsins og yfirumsjón með veggerðum og viðhaldi vega og ákveður framlag til nýbygginga hinna einstöku sýsluvega. Sýslunefndinni er skylt að hlíta tillögum vegamálastjóra um legu og gerð veganna og val verkstjóra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102 19. júlí 1933, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

217
27. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði.

Gjöld samkvæmt reglugerð frá 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði, skulu frá 1. desember 1943 hækka um 100%.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 30 14. júní 1929, og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

218
29. nóv.

AUGLÝSING

um bráðabirgðabreytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur
12. desember 1940.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt eftirfarandi ákvæði um bráðabirgðabreytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940:

Kaflinn I. Raforka, breytist svo sem hér fer á eftir:

I. Stafliður A. Lýsing, breytist þannig:

1. Töluliður 2. Seinni setning síðustu málsgreinar: „Þó má selja“ o. s. frv., falli niður.